



FJARÐABYGGÐ

**Leikskólinn Dalborg**  
**ræsting**  
**2015**

**Verðfyrirspurn**

Júní 2015

Lýsing verðfyrirspurnar og tilboðsblað

**Efnisyfirlit:**

Lýsing verðfyrirspurnar

Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Dalborg

Húsbúnaður í Leikskólanum Dalborg

Tilboðsblað

**Fylgigögn verðfyrirspurnar:**

Verklýsing sundurliðuð á einstaka verkþætti, 1 blað/skjal

Málsettar teikningar af gólfefnum og vinnustöðvum, 1 blað/skjal

# Lýsing verðfyrirspurnar

## 1. Almenn lýsing verðfyrirspurnar

Fjarðabyggð kt. 470698-2099 óskar eftir tilboðum í ræstingu í Leikskólanum Dalborg Dalbraut 6 á Eskifirði. Nánar tiltekið allan leikskólann skv. lýsingu. Tilboð innifelur vinnulið ræstingar ásamt öllum eignum og tækjum sem þarf við ræstingu. Ræsting er boðin út til 3ja ár frá 1. september 2015 að telja með framlengingarrétti. Gerður verður sérstakur samningur um ræstinguna sem kveður á um skuldbindingar aðila samnings.

Verðfyrirspurnargögn eru einungis afhent rafrænt. Tilboðum skal skila á ofangreindu tilboðsblaði með rafrænum hætti og skal það fyllt út einsog texti og form þess segir til um. Verðfyrirspurnin er auglýst á vef sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Fjarðabyggð áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboð sem er eða hafna öllum. Ekki eru sett skilyrði fyrir því hverjir bjóða megi í verkið.

Boð skulu gerð á grundvelli fyrirspurnargagna eins og þau liggja fyrir. Tilboðsfjárhæð skal miðuð við ársgrunn með virðisaukaskatti og verður grunnforsenda samnings út samningstíma.

Fjarðabyggð áskilur sé rétt til að taka hvaða tilboði sem er, eða hafna öllum.

## 2. Upplýsingar

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á fyrirspurnargögnum eða hann verður var við ósamræmi í þeim, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann senda Fjarðabyggð skriflega fyrirspurn eigi síðar en 6 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina. Fyrirspurnum sem borist hafa innan tilskilins frests verður svarað eigi síðar en 4 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út.

## 3. Gerð og frágangur tilboðs.

Tilboð skulu sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsgögnum (sjá tilboðsblað). Einnig skal skila öllum fylgigögnum með tilboði á rafrænu formi.

Undirrituð tilboð skulu send rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Dalborg“ á netfangið [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is) með c.c. á Snorra Styrkársson á póstfangið [snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is](mailto:snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is).

Tilboð skulu hafa borist eigi síðar en kl. 13 á hádegi þann 19. júní 2015. Opnun tilboða fer fram kl. 13.00 sama dag. Bjóðandi er ábyrgur fyrir því að tilboð komist í réttar hendur fyrir opnun þeirra.

Tilboð sem berast síðar verða ekki opnuð og teljast ógild.

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboð eru opnuð, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

## 4. Kröfur um upplýsingar og fjárhagslega stöðu

Um skilyrði varðandi aðstæður bjóðenda og hæfi er vísað til innkaupareglna Fjarðabyggðar m.a. er gerð krafa um að bjóðandi uppfylli eftirtalin skilyrði:

- a) Að tilboðsgjafi hafi a.m.k. 3ja ára reynslu af ræstingastörfum eða umsjón með sambærilegum verkefnum.
- b) Að tilboðsgjafi sýni fram á jákvæða eiginfjárstöðu

- c) Að tilboðsgjafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld eða iðgjöld vegna starfsmanna
- d) Að tilboðsgjafi sæti ekki nauðasamningum, greiðslustöðvunum eða sé undir gjaldþrotaskiptum
- e) Að tilboðsgjafi haf ekki verið sakfeldur með endanlegum dómi um refsivert brot.

## **Verklýsing og framkvæmd ræstingar í Leikskólanum Dalborg**

Lýsing á gólfefnum og fermetramál einstakra rýma kemur fram á sérteikningu sem fylgir fyrirspurnargögnum ásamt verklýsingu. Lýsing á húsbúnaði er hér að neðan.

### **Lýsing á húsnæði**

Leikskólinn Dalborg var byggður árið 1999 og er þriggja deilda leikskóli að Dalbraut 6 Eskifirði og um 420 fermetrar að stærð. Húsið er steinsteypt og skiptist í 30 stök rými. Leikskólinn samanstendur af 3 stórum leikstofum með annarri minni leikstofu er fylgir hverri deild ásamt sér anddyri auk 2 snyrtinga á hverri deild. Við eina deildina er tengd viðbótar leikherbergi (merkt vagnageymsla á teikningu. Einnig er í húsinu fjölnotarými, miðrými, eldhús, þvottahús/búr, kaffistofa, vinnuherbergi starfsmanna, starfsmannasnyrting, viðtalsherbergi, skrifstofa leikskólastjóra, 3 geymslur auk ræstingarýmis og andyri. Einnig er inntaksrýmis og útirými sem ekki er gert ráð fyrir að sé þrifið. Á gólfi er annarsvegar linólíum dúkur og hinsvegar Topp4000 gólfefni. Veggir eru almennt málaðir en í aðalleikstofum klæddar bæsuðum við og að hluta við inngang að hverri deild í miðrými.

### **Almennt um ræstinguna**

Húsnæði leikskólans er almennt tilbúið til ræstingar kl: 16:30 á virkum dögum.

Leikskólastjóri getur ákveðið að þrif hefjist síðar þegar nauðsyn krefur.

Lýsing á framkvæmd ræstingar er í sérstakri verksundurliðun.

Lýsing á gólfefnum og stærð einstakra rýma af húsnæði skólans er að finna í sérstakri teikningu af leikskólanum.

Tilgreina skal ábyrgðarmann fyrir ræstingu og skilgreina úttektir á ræstingu í samningi.

Tilgreina þarf starfsmenn þá sem sinna ræstingu hverju sinni til leikskólastjóra.

Starfsmenn þurfa að undirrita trúnaðareið áður en þeir mega ræsta í nafni verksala.

### **Stórhreingerning í sumarlokun**

Í sumarlokun leikskólans skal allt húsnæði skólans þrifið hátt og lágt að innan, þar með talið allar viftur, niðurföll, skilrúm, húsgögn, tæki og ljós. Bóna skal öll gólf eftir því sem við á.

### **Húsbúnaður í Leikskólanum Dalborg.**

Anddyri: skógrindur, mottur, spegill (starfsmannaanddyri), gluggar, ljósarofar, ljós og hurðir. Í anddyrum deildanna eru þar að auki þurrskápar, fatahengi/hólf, tússtöflur og ruslafötur.

Miðrými: mottur, gluggar, ljósarofar, ljós, trékubbar, sullukar, skápar/hillur og hurðir.

Listakrúkur: gluggi, gluggakista, hurð, hillur, borð, stólar, vaskainnrétting, ljós og ljósarofi.

Leikskólastjóri: skápur með opnum hillum og læstum hurðum, hurð, skrifborð, stólar, tölvur, prentari, gluggi, gluggakista, ljósrofi, ljós, tússtafla og ruslafata.

Kaffistofa: læstir skápar fyrir starfsmenn, borð, ískápur, stólar, gluggi, gluggakista, sófi, tússtafla, hurð, ruslafata, ljós, ljósarofi og myndir.

Vinnuherbergi: tölvuborð, tölvur, borð, skurðarhnífur, prentari, plöstinurvél, ljósritunurvél, stólar, myndvarpi, gluggar, gluggakista, ljósrofi, ljós hurðir og ruslafata.

Starfsmannasalerni: salerni, 1 handlaug, ruslafata, spegill, hillur, hurð, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós og ljósrofi.

Þvottur/búr: vaskur og vaskaborð, þvottavél, þurrkari, hillur, frystikista, gluggi, gluggakista, búrskápur, hurðir, ljós og ljósrofi.

Eldhús: ísskápur, frystiskápur, vaskar, uppþvottavél, spegill, ruslafata, gluggi, gluggakista, eldhúsinnrétting, ljósrofi, ljós, ofn, eldavél, hjólavagnar og innihurðir.

Matsalur: borð, stólar, gluggar, eldhúsbekkur, rennihurð, ljós, ljósrofi og vagn með leirtaugi.

Snyrting í fataklefa á Grænu deild: salerni, vaskur, hillur, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljós, ljósrofi, spegill, ruslafata, fatahengi og hurð.

Leikherbergi inn af fataklefa á Grænu: motta, skápur/hillur, hurð, ljós og ljósrofi

Græna deild: stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, borð, stólar, gluggar, ofnahlífar, ljósrofar, ljós, ruslafata, tölva, tölvuborð, spegill, mynd og motta.

Snyrting á Grænu deild: 1 salerni, 2 handlaugar, vaskur, vaskaborð, hurð, ljósrofi, ljós ruslafata, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/ wc þurrkur, spegill og hillur.

Snyrting í fataklefa á Rauðu deild: salerni, vaskur, hillur, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur, ljósrofi, ruslafata, járngrindur og skiptibekkur.

Rauða deild: stólar, bókaskápur, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, borð, stólar, gluggar, ofnahlífar, ljósrofar, ljós, ruslafata, tölva, tölvuborð og motta.

Snyrting á Rauðu deild: 1 salerni, 2 handlaugar, vaskur, vaskaborð, hurð, ljósrofi, ljós, ruslafata sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc. þurrkur, spegill og hillur.

Snyrting í fataklefa á Bláu deild: salerni, vaskur, hillur, sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, ljósrofi, ljós, spegill, ruslafata og skiptibekkur.

Bláa deild: stólar, hillur, innbyggðir skápar, tússtafla, borð, gluggar, ofnahlífar, ljósrofar, ljós, ruslafata, sófi og motta.

Snyrting á Bláu deild: 1 salerni, 2 handlaugar, vaskur, vaskaborð, hurð, ljósrofi, ljós, ruslafata sápuskammtari, box fyrir handþurrkur/wc þurrkur, spegill og hillur.

Ræstiklefi: hillur, vaskur, ræstivagn

## Tilboðsblað í ræstingu í Leikskólanum Dalborg Eskifirði

Undirritaður gerir hér með eftirfarandi tilboð í ræstingu í Leikskólanum Dalborg að Dalbraut 6 á Eskifirði til Fjarðabyggðar kt. 470698-2099. Undirritað tilboð skal sent rafrænt merkt „Tilboð í ræstingu Leikskólans Dalborg“ á netfangið [fjardabyggd@fjardabyggd.is](mailto:fjardabyggd@fjardabyggd.is) með c.c. á Snorra Styrkársson á pósthfangið [snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is](mailto:snorri.styrkarsson@fjardabyggd.is). Tilboði skal skilað fyrir kl. 13:00, 19. júní 2015.

Tilboðsgjafi \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_

Tilboðsfjárhæðir:

1. Ræsting leikskólans \_\_\_\_\_ kr. með VSK
2. Stórhreingerning í sumarlokun \_\_\_\_\_ kr. með VSK

Verðbreytingar á samningstíma: \_\_\_\_\_

Athugasemdir

---

---

Staður og dagsetning \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Undirskrift tilboðsgjafa